

STJÓRNARTÍÐINDI B 46 – 2000

2. maí 2000

573

Nr. 276

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 304, 3. maí 1999,
um úthafs-rækjuveiðisvæði og notkun seiðaskilju við rækjuveiðar.

1. gr.

Í stað orðanna: „15. júlí til og með 31. október“ í 2. gr. reglugerðarinnar komi: 1. maí til og með 15. október.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 2. maí 2000.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

2. maí 2000

Nr. 277

REGLUGERÐ

um bann við veiðum með fiskibotnvörpu á Hvalbaksgrunni.

1. gr.

Frá og með 4. maí 2000 eru allar veiðar með fiskibotnvörpu óheimilar á svæði á Hvalbaksgrunni, sem markast af línun sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 64°21'73 N - 13°00'00 V
2. 64°19'25 N - 12°37'17 V
3. 64°01'87 N - 13°15'30 V
4. 64°08'46 N - 13°18'93 V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt 16. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.